

42. fundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 28. apríl 2010 kl. 20:00 í Lundarskóla.

Mættir

Ingvar Þóroddsson
Hermann Karlsson
Ingibjörg Gunnarsdóttir

Forföll

Ólafur Jónsson
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

Áframhaldandi umræður um breytingar á deiliskipulagi frá síðasta fundi. Ákveðið að nefndin taki ekki afstöðu í þessu máli, hvorki með eða á móti.

Rætt var um umferðarhraða á Skógarlundi en nú fellur sú gata inní svokölluð 30 km hverfi. Talsvert hefur verið rætt um umferðarhraða á þessari götu og nefndinni m.a. borist bréf frá íbúa þar sem óskað er eftir að þessi mál verði könnuð sérstaklega og lögð áhersla á að ná enn frekar niður umferðarhraðanum. Ákveðið að senda bréf til Akureyrarbæjar og óska eftir að allra úrræða sé leitað við að ná hraðanum niður. Hermanni falið að rita bréfið.

Varðandi hverfishátíðina þá hefur ekkert frekar heyrst frá Lundarskóla um þetta mál og er það því enn í bið.

Fundi lokið kl. 20:45.

Fundargerð ritaði,

Hermann Karlsson